

Fundarnúmer:	80
Dagsetning:	15.10.2008
Tími:	16:30
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

80. fundur Menningar- og tómstundarráðs. Haldinn í Ráðhúsi Húnaþings vestra 15. Október kl. 16:30

Mætt eru: Már Hermannsson, Sigrún Þórðardóttir, Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir og Sveinn Benónýsson.

Dagskrá fundar

1. Fjárhagsáætlun Bókasafns
2. Fjárhagsáætlun Íþrótt- og tómstundafulltrúa
3. Fjárhagsáætlun Félagsmiðstöðvar
4. Umsögn Menningar- og tómstundaráðs Húnaþings vestra um Ungmennaráð.
5. Umsögn Menningar- og tómstundaráðs Húnaþings vestra um tillögur um rekstur Íþróttamiðstöðvar
6. Önnur mál

1. Fjárhagsáætlun Bókasafn

a. Sigríður kom og kynnti fjárhagsáætlun Bókasafnsins. Lagði áherslu á að geymsluvandi bóka- og skjalasafnsins verði leystur sem fyrst. Menningar- og tómstundarráð hvetur sveitarstjórn til að taka á þessum vanda og vísar í fyrri ályktanir ráðsins þess efnis. Menningar- og tómstundaráð leggur til að fjárhagsáætlun verði samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun Íþróttamiðstöðvar

a. Fjárhagsáætlun Íþróttamiðstöðvarinnar kynnt.

b. Menningar- og tómstundaráð telur mikilvægt að ráðist sé í viðgerðir á lögnum sundlaugarinnar, sem eru að sögn Íþrótt- og tómstundafulltrúa orðnar lélegar og hafa í för með sér töluverðan aukakostnað fyrir sveitarfélagið. Ráðið leggur til að viðgerðir á lögnum og gerð salernisaðstöðu fyrir fatlaða verði sett í forgang.

c. Athygli er vakin á tilmælum heilbrigðisyfirvalda þess efnis að miðlunartankur fyrir sundlauginu verði kominn í gagnið árið 2010.

d. Ráðið leggur til að fjárhagsáætlun verði samþykkt

3. Fjárhagsáætlun Félagsmiðstöðvarinnar Óríon

a. Fjárhagsáætlun félagsmiðstöðvarinnar kynnt. Ráðið leggur til að fjárhagsáætlunin verði samþykkt.

4. Umsögn Menningar- og tómstundaráðs Húnaþings vestra um Ungmennaráð

a. Íþrótt- og tómstundafulltrúi kynnis málið.

b. Menningar- og tómstundaráð leggur til að Ungmennaráð verði skipað af fulltrúum eftirtalinna aðila:

i. Grunnskóla Húnaþings vestra – 1 fulltrúi

ii. Tónlistarskóla Húnaþing vestra – 1 fulltrúi

iii. USVH – 3 fulltrúar

c. Menningar- og tómstundaráð hvetur til að Ungmennaráði verðið komið á sem fyrst og ráð fyrir því gert í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2009.

5. Umsögn Menningar- og tómstundaráðs Húnaþings vestra um tillögur um rekstur

Íþróttamiðstöðvar

a. Menningar- og tómstundaráð sendir frá sér eftirfarandi ályktun:

i. Menningar- og tómstundaráð vill koma á framfæri óánægju sinni að hafa hvergi verið með í ráðum við undirbúning umræddrar úttekta á starfsemi Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra.

Einnig lýsir ráðið yfir óánægju þess efnis að hafa ekki fengið niðurstöðu úttektarinnar til efnislegrar umræðu á fundi nefndarinnar. Menningar- og tómstundaráð telur að undirbúningur úttektarinnar hefði átt að vera í samráði við ráðið, enda heyri hún klárlega undir starfsvið þess. Þar sem ráðinu hafa ekki verið kynntar niðurstöður úttektarinnar í heild treystir það sér ekki til að gefa efnislega umsögn um málið.

6. Önnur mál

a. Íþrótt- og tómstundafulltrúi kynnir tillögur að nýrri gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra fyrir árið 2009.

b. Íþrótt- og tómstundafulltrúi kynnir Æskulýðssjóð, sjóð á vegum íslenska ríkisins.

Menningar- og tómstundaráð felur íþrótt- og tómstundafulltrúa til að kynna sjóðinn fyrir aðilum á sviði íþróttar og tómstunda í Húnaþingi vestra.

c. Formaður leggur til að fastur fundartími verði annan miðvikudag í mánuði.

Már Hermannsson (sign.),

Sigrún Þórðardóttir(sign.),

Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir(sign.),

Sveinn Benónýsson(sign.).